



HAFNARFJÖRÐUR

Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorku- lífeyrisþegum í Hafnarfirði 2015.

1. gr.

Tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Hafnarfirði er veittur afsláttur af fasteignaskatti samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Rétt til afsláttar eiga íbúðareigendur í Hafnarfirði sem búa í eigin íbúð og

- a) eru 67 ára á árinu eða eldri
- b) hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir 1. janúar 2014. Þeir sem eru úrskurðaðir 75% öryrkjar á álagningarári eiga rétt á hlutfallslegri lækkun frá því að örorkumat tók gildi.
- c) hafa ekki leigutekjur af viðkomandi húsnæði
- d) hafa ekki fullvinnandi einstakling/einstaklinga aðra en maka búsetta á heimilinu.

Afsláttur nær einungis til þeirrar íbúðar sem viðkomandi sannarlega býr í.

3. gr.

Hjón og ~~samskattað sambýlisfólk~~ fólk í skráðri sambúð fær fullan afslátt þó einungis annar aðilinn uppfylli skilyrði 2. gr. Ef um fleiri en einn íbúðareiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði 1. mgr., er veittur afsláttur til þeirra sem uppfylla skilyrði 2. gr., í samræmi við eignarhluta þeirra.

Verði slit á hjónabandi eða sambúð þá eiga aðilar máls rétt á öðru hvoru eftirtöldu frá og með þeim tíma sem lögskilnaður eða sambúðarslit eru skráð.

- a. Að njóta óbreytts afsláttar út álagningarárið óski þeir þess.
- b. Að vera meðhöndlaðir sem einstaklingar frá og með þeim tíma óski þeir þess, enda geti þeir með fullnægjandi hætti sýnt aðgreindar sértekjur sínar sbr. 4. gr.

4. gr.

Afsláttur er tekjutengdur. Afsláttur er hlutfallslegur og miðast við tekjur síðastliðins árs samkvæmt skattframtali. Við útreikning afsláttar í upphafi árs 2015 er stuðst við skattaframtal ársins 2013 en afslátturinn er síðan endurskoðaður í ágúst 2015 eftir að skattaframtal ársins 2014 liggur fyrir. Til tekna teljast bæði launatekjur (reitur 2.7. á skattframtali) og fjármagntekjur (reitur 3.10. á skattframtali). Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna ~~og samskattaðs sambýlisfólks~~ í skráðri sambúð.

Tekjumörk vegna afsláttarins 2015 eru eftirfarandi:

Tekjur einstaklinga 2014			Tekjur hjóna/ <u>sambýlisfólks</u> 2014		
Afsláttur	Frá	Til	Afsláttur	Frá	Til
100 %	0	2.831.000	100 %	0	3.953.000
75%	2.831.001	3.212.000	75 %	3.953.001	4.769.000
50 %	3.212.001	3.485.000	50%	4.769.001	4.769.000
25%	3.485.001	3.3792.000	25%	4.769.001	5.096.000

5. gr.

Hafi orðið veruleg breyting á högum umsækjanda er heimilt að víkja frá 2. gr. þessara reglna varðandi búsetu í íbúð og viðmið um tekjumörk sl. árs.og vegna andláts maka

Hér er einkum átt við sérstök tilvik, s.s. :

- a) Þegar maki hefur fallið frá á árinu og tekjur lækkað verulega
- b) Ef um skyndilega örorku er að ræða sem hefur veruleg áhrif til lækkunar tekna.

6. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar endurskoðar tekjumörk í desember ár hvert.

Samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 10. desember 2014

Haraldur Líndal Haraldsson
bæjarstjóri

